

Ad.

147. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um kaup á eimskipi til vöruflutninga milli Íslands og útlanda (þgskj. 143).

Frá samgöngumálanefndinni.

1. Við 1. gr.
 - Í stað orðanna »frá 1500 til 2000 smálestir að stærð« komi:
Þó eigi minna en 1500 smálestir hvert að stærð.
2. Við 2. gr.
 - a. Í stað »útgerðar skipsins« komi:
útgerðar skipanna.
 - b. Í stað »tekjur þess« komi:
tekjur þeirra.
3. Við 3. gr.
 - a. Í stað »farstjórn skipsins« komi:
farstjórn skipanna.
 - b. Í stað »yfirmanna þess« komi:
yfirmanna þeirra.
 - c. Í stað »skipið kemur« komi:
þau koma.
4. Við 5. gr.
 - a. Í stað »nákvæman reikning« komi:
nákvæma reikninga.
 - b. Í stað »tekjur skipsins« komi:
tekjur skipanna.
 - c. Í stað »rita hann í bók« komi:
rita þá í bók.
 - d. Í stað »landsstjórninni nákvæman reikning« komi:
landsstjórninni nákvæma reikninga.
 - e. Í stað »sýni hann« komi:
sýni þeir.

- f. Í stað »fjárhag skipsútgerðarinnar« komi:
fjárhag skipaútgerðarinnar.
- g. Í stað »Reikningur þessi skal endurskoðaður« komi:
Reikningar þessir skulu endurskoðaðir.
- h. Í stað »í stjórnarráðinu« komi:
í ráðuneyti Íslands.
- i. Í stað »reikninginn« í niðurlagi greinarinnar komi:
reikningana.

5. Við fyrirsögnina:

- Í stað »kaup á eimskipi« komi:
kaup á skipum.